

Ársfundur félagsliða 2010

Fundir á liðnu starfsári.

Síðasti ársfundur félagsliða var haldinn 31.mars 2009.

Ída Atladóttir, forstöðumaður Roðasala í Kópavogi kynnti starfsemina. Þar talaði hún um dagþjálfun í stað dagvistun. Leyfi er fyrir 20 einstaklinga á dag í dagþjálfun. Þjónustan er miðuð við þarfir heilabilaðra skjólstæðinga og aðstandendur þeirra. Þar nefndi hún að félagsliðar væru lykilstétt þegar kæmi að félagslega þættinum.

Síðan talaði Jóna Hrönn Bolladóttir um föður sinn sem var aðeins 64 ára þegar hann greindist með heilabilun og það tók langan tíma að greina sjúkdóminn. Hún fór í gegnum ferilinn þar til hann fór inn á Sóltún. Minntist hún að félagsliðar ættu að vera ófeimnir að benta aðstendendum á hvernig þeir gætu komið að umönnun og annari umhirðu við einstaklinginn.

Ásta Þórarinsdóttir frá fyrirtækinu Sinnnum kom og kynnti nýja viðbót í heimaþjónustu en þau eru að sinna á annað hundrað heimilum hér á höfuðborgarsvæðinu. Þetta var mjög fróðlegt fyrir félagsliða.

Fraðslufundur var haldinn miðvikudagskvöldið 11. nóvember 2009. Á fundinn mætti Jórunn Frímannsdóttir formaður Velferðaráðs Reykjavíkurborgar. Hún kom inn á að félagsliðar spiliðu stórt hlutverk í velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar þar sem að heimaþjónustan fer vaxandi. Meiri þörf er á félagslegum stuðningi, þar sem notendur eru veikari og þurfa sérhæfðari þjónustu. Þar nýtist menntun félagsliða mjög vel. Jórunn telur að efla þurfi þverfaglegt samstarf og stuðning við félagsliða og starfsmenn heimaþjónustu. Hún sa fyrir sér að þjónustan yrði tvískipt, þeir sem þurfa bara þrif og síðan þá sem þurfa félagslega aðhlynningu ásamt aðstoð við að þrífa. Jórunn sagðist ætla að leggja sig fram um að bjóða félagsliðum upp á spennandi og fjölbreytt störf.

Sigrún Erlendsdóttir frá Droplaugarstöðum flutti áhugavert erindi um líknandi meðferð. Hún tók undir með Jórunni að það skipti máli að hafa fagaðila á heimilum og þar skipta félagsliðar máli. Því mætti hugsa sér að hafa aðra sem væru eingöngu í þrifum.

Sigurrós Krisinsdóttir varaformaður Eflingar fór yfir það sem er að gerast á Velferðarvaktinni. Velferðavaktin var stofnuð flijtlega eftir efnahagshrunið 2008. Einn vinnuhópurinn fjallaði um börn og hvernig þeim reiðir af í kreppunni. Þannig er m.a. tryggt að öll börn fái mat í skólanum. Sigurrós kom einnig inn á að það væri verið að skoða framhaldsnám hjá Fraðslumiðstöðinni. Í undirbúningi væri nám í geðfötlun í samráði við Mími og yrði stefnt að því að bjóða námið næsta haust.